

SALTVÍK – HÆNSNABÚ

Svör við umsögnum og
athugasemdum við matsskýrslu



Maí 2026

1 Inngangur

Stjörnuegg vinnur að uppbyggingu og rekstri eggjabús í Saltvík í Reykjavík. Lög var fram matsskyldufyrirspurn um þrjú varphús sem rúma um 59.900 varphænur. Kynningartími matsskyldufyrirspurnar var frá 2.3.2026 – 30.3.2026. Á tímabilinu bárust alls 5 erindi og í þessu skjali er gerð grein fyrir athugasemdum sem komu fram og viðbrögðum Stjörnueggs. Umsagnir eru flokkaðar eftir umsagnaraðilum. Hægt er að sjá umsagnirnar í heild sinni inni á Skipulagsgátt.

Umsagnaraðilar	Dags. umsagnar
Umhverfis- og orkustofnun	24.03.2026
Matvælastofnun	30.03.2026
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur	30.03.2026
Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur	06.05.2026
Minjastofnun	07.05.2026

2 Umsagnir og viðbrögð framkvæmdaaðila

Umsagnaraðili	Athugasemd	Viðbrögð
Umhverfis- og orkustofnun	Framkvæmdarlýsing Stjórnuegg vinnur að uppbyggingu og rekstri eggjábús í Saltvík í Reykjavík. Uppbygging og stækkun hefur staðið yfir frá 2023, þegar fyrsta varphúsið var byggt. Annað varphús bætist við 2024 og nú er hugað að þriðja varphúsinu. Í heildina munu þessi þrjú hús vera um 5.100 m² með stæði fyrir um 59.900 varphænur. Umhverfis- og orkustofnun hefur áður veitt umsögn varðandi uppbyggingu eggjábús Stjórnueggja í Saltvík. Sú umsögn er enn í fullu gildi.	Brugðist er við athugasemdum í fyrri umsögn Umhverfis- og orkustofnunar hér að neðan.
	Matsskylda framkvæmdar. Fram kemur í matsskyldufyrirspurninni að: „Fjöldun stæða yfir 85.000 fyrir kjúklinga eða 60.000 fyrir hænur er ávallt matskyld framkvæmd samkvæmt tölulíð 1.06.“ Einnig kemur fram að: „Framkvæmdin felst í uppbyggingu þauleldis alifugla í Saltvík. Tvö varphús eru þegar risin á jörðinni. Hið fyrra var reist 2023 og hið seinna 2024. Húsin eru um 1.700 m² og rúma um 24.000 – 26.000 varpstæði. Til stendur að reisa eitt varphús til viðbótar, sem verður um 1.700 m² með stæði fyrir um 10.000 varphænur og auka aðstöðu fyrir starfsemi.“ Umhverfis- og orkustofnun bendir á að skv. fyrirbyggjandi upplýsingum sé heildarfjöldi varpstæða sem varphúsin rúma áætlaður 62.000. Í ljósi þess virðist framkvæmdin vera háð mati á umhverfisáhrifum skv. lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.	Tölur fyrir fjölda varpstæða eru ekki nákvæmar, enda segir „um“ fyrir framan þær. Fleira tilheyrir starfseminni en sjálf varpstæðin og verður ýmis stoðstarfsemi hýst í húsunum. Ekki verða fleiri stæði en 59.900 á búinu og matsskyldufyrirspurn miðar við það. Framkvæmdin fellur því undir tölulíð 1.07 í 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og er tilkynningarskyld. Fjöldi fugla sem MAST heimilar í húsunum er: Hólf með Mast númer 17 = 11.272 fuglar Hólf með Mast númer 18 = 11.272 fuglar Hólf með Mast númer 19 = 12.259 fuglar Hólf með Mast númer 20 = 12.259 fuglar Samtals = 47.062 fuglar Verði einu hólfi bætt við þá er líklegt að Mast heimili 12.259 fugla í því þar sem það verður eins og hólf nr. 20. Samtals verður því heimilaður fjöldi fugla líklega 59.321 fugl samkvæmt MAST.
	Starfsleyfi. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að starfsemi eggjábúsins eins og henni er lýst í matsskyldufyrirspurninni fellur undir eldi alifugla eða svína með fleiri en 40.000 stæði fyrir alifugla, skv. a-lið 6.6 í viðauka I laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og a-lið 6.6 í viðauka I reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og er því starfsleyfisskyld hjá Umhverfis- og orkustofnun.	Í kafla 7 í matsskyldufyrirspurn kemur fram að starfsleyfi er í gildi frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, gildistími 2023-2035, fyrir eldi varpfugla fyrir eggjaframleiðslu og að fyrirhuguð stækkun fer yfir heildarfjölda stæða 40.000, svo sótt verður um starfsleyfi til Umhverfis- og orkustofnunar, skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

	Mikilvægt er að fjöldi fugla á búinu fari ekki umfram það sem núverandi starfsleyfi frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur heimilar, þ.e. 40.000 fugla, fyrr en sótt hefur verið um og gefið út nýtt starfsleyfi sem heimilar aukið umfang. Rekstraraðili þarf að sækja um starfsleyfi fyrir starfseminni til Umhverfis- og orkustofnunar þegar matsskylduákvörðun eða álit um umhverfismat framkvæmdar liggur fyrir. Stofnunin tekur fram að málshraði fyrir starfsleyfisveitingu eru 240 dagar frá því fullnægjandi umsókn hefur verið samþykkt, óheimilt er að hefja starfsemi án starfsleyfis.	
	Niðurstaða Umhverfis- og orkustofnun vísar í fyrri umsögn varðandi umfjöllum um umhverfisáhrif af framkvæmdinni og bendir á að í starfsleyfi fyrir starfseminni verða settar kröfur varðandi mengunarvarnir í samræmi við BAT-niðurstöður vegna þéttbærs eldis alifugla og gildandi lög og reglugerðir.	Fjallað er um fyrri umsögn hér að neðan. Í matsskyldufyrirspurn er vísað til BAT-niðurstöðna m.a. umfjöllun um mengunarvarnir og tæknikerfi og fram kemur að starfsemin mun uppfylla kröfur um bestu aðgengilegu tækni (BAT).
	Niðurstaða Fyrirhuguð varphús munu rúma starfsemi sem fellur undir matsskyldu samkvæmt lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Auk þess sem mikið er um annað þauleldi á Kjalarnesi.	Reiknað er með að leyfi fáiast fyrir undir 59.900 varpstæðum, sjá svar að ofan með nákvæmari tölum um fjölda sem MAST hefur gefið leyfi fyrir. Framkvæmdin fellur því undir tölulið 1.07 í 1. viðauka laga nr. 111/2021 og er tilkynningarskyld. Reiknað er með að starfsleyfi frá Umhverfis- og orkustofnun miði við 59.900 varpstæði.
	Niðurstaða Að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laganna telur Umhverfis- og orkustofnun að framkvæmdin eigi að sæta umhverfismati, einkum með hliðsjón af umfangi starfseminnar, staðsetningu hennar og samlegðaráhrifum með annarri mengandi starfsemi á svæðinu. Sérstaklega vegna mögulegrar loftmengunar og ónæðis sem lykt frá þauleldi kann að valda. Stofnunin leggur áherslu á mikilvægi þess að samlegðaráhrif með annarri mengandi starfsemi á svæðinu verði metin.	Umhverfis- og orkustofnun setti fram athugasemd um samlegðaráhrif í fyrri umsögn sinni, sem stofnunin vísar til. Vegna þess var fjallað um samlegðaráhrif sem sérstakan umhverfispátt í kafla 6.5 í matsskyldufyrirspurn. Þar kemur m.a. fram: - Fráveita frá húsum er ekki umfangsmikil og endar í rotþróm, og því ekki um samlegðaráhrif á vatnshlot að ræða hennar vegna. - Húsdýraáburði er ekki dreift á svæðinu og því ekki hætta á lykt frá áburðardreifingu, ofaugun í vatn eða annarrar mengunar frá áburðardreifingu og því ekki samlegðaráhrifa að vænta á svæðinu vegna áburðardreifingar. - Lykt er lágmörkuð með aðferðum sem tilgreindar eru í BAT, m.a. með vali á fóðri, lághraða loftræstikerfi og húsdýraáburður er geymdur í lokuðum gámum. Val á tækjum og búnaði lágmarkar myndun mengandi efna og ryks, vöktun verður á losun í andrúmsloft og staðsetning búans er þannig að metið er að áhrif af starfseminni á lykt og loftgæði verði óveruleg sem og samlegðaráhrif með annarri starfsemi. - Uppfyllt eru lágmarksskilyrði í reglugerð um fjarlægðir til annarra búa og mannbústaða.

		- Starfsemin samræmist skipulagi á svæðinu. Í umfjöllun um Kjalarnes í aðalskipulagi Reykjavíkur kemur fram að „Virða skal sérstöðu Kjalarness innan Reykjavíkur sem landbúnaðar- og dreifbýlissvæði.“ Um reit I3-Saltvík segir í aðalskipulagi „Á svæðinu er gert ráð fyrir slátruhúsi og starfsemi er tengist þaueldi í landbúnaði.“ Niðurstaða matsskyldufyrirspurnar er sú að starfsemin er ekki líkleg til að hafa umtalsverð áhrif á umhverfið og það er því mat rekstraraðila að ekki sé um matskylda framkvæmd að ræða.
Eldri umsögn: Umhverfis- og orkustofnun		
	Umhverfisáhrif þaueldis Mengun frá þéttbæru eldi alifugla (varphæna) getur borist í loft, jarðveg og vatn. Loftmengun stafar helst frá losun ammóníaks og ryks. Auk þess sem þaueldi leiðir til aukinnar losunar gróðurhúsalofttegunda (t.d. CO₂, CH₄ og N₂O). Mengun getur borist í yfirborðsvatn og grunnvatn (aðallega nítrat og ammóníum) ef ekki er gætt vel að verklagi við geymslu og dreifingu húsdýraáburðar. Ofauðgun næringarefna í yfirborðsvatni getur örvað plöntugróður svo mjög að skortur verði á birtu og leystu súrefni í vatninu. Við dreifingu húsdýraáburðar þarf að áætla áburðarþörf m.t.t. jarðvegsgerðar til að gróðurinn nýti næringarefnin úr áburðinum sem best. Á Kjalarnesi er mikið um þaueldi og tengda starfsemi, í því samhengi bendir Umhverfis- og orkustofnun á mikilvægi þess að rekstraraðilar uppfylli kröfur um mengunarvarnir til þess að lágmarka mengun á sem hlýst af starfsemi þeirra.	Í matsskyldufyrirspurn er fjallað um umhverfisáhrif, m.a.: Kaflí 6.2 Áhrif á loftgæði: Fjallað er um losun metans, ammóníaks og ryks sem og lyktarmengun. Útskýrt er hvernig losun og lykt verður lágmarkuð með vinnuferlum og tækni kerfum sem samræmast þeim sem lýst er í BAT- niðurstöðum. Losun verður reiknuð hjá sænskum sérfræðingum sem vinna í samræmi við BAT. Haldið verður utan um skráningar á kvörtunum ef þær berast og brugðist verður við þeim. Kaflí 6.1 Áhrif á vatnshlot: Farið er yfir hvernig húsdýraáburður er geymdur á búinu. Skýrt kemur fram að honum er ekki dreift í Saltvík heldur fer hann til bænda og annarra sem nýta hann sem áburð á tún og í uppgræðslu. Gerðir eru samningar við viðtakendur og gera þeir áburðaráætlanir til að fyrirbyggja ofauðgun næringarefna.
	Besta aðgengilega tækni (BAT) Umhverfis- og orkustofnun bendir á að ákvæði í nýju starfsleyfi rekstraraðila munu vera í samræmi við bestu aðgengilegu tækni skv. reglugerð nr. 935/2018 um BAT (bestu 2 Umhverfis- og orkustofnun aðgengilegu tækni) o.fl. á sviði atvinnurekstrar sem haft getur í för með sér mengun. Stofnunin bendir á að BAT-niðurstöður liggja fyrir á íslensku aðgengilegar á vefsíðu Umhverfis- og orkustofnunar. Um er að ræða framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/302 frá 15. febrúar 2017 um að fastsetja niðurstöður um bestu aðgengilegu tækni (BAT), samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/75/ESB, vegna þéttbærs eldis alifugla og svína.	Í matsskyldufyrirspurn er vísað til BAT-niðurstaðna m.a. umfjöllun um mengunarvarnir og tækni kerfi. Tekið er fram að starfsemin muni uppfylla kröfur um bestu aðgengilegu tækni (BAT).

	Meðhöndlun hænsnaskíts Öll meðhöndlun húsdýraáburðar á búinu, þar með talin geymsla, vinnsla og dreifing hans, skal vera í samræmi við reglugerð nr. 804/1999, um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri og skilyrðum í BATniðurstöðum. Fram kemur matsskyldufyrirspurninni að „eigi sjaldnar en tvisvar í viku er hænsnaskítur fjarlægður úr húsunum með færibandakerfi og honum keyrt burt jafnóðum í þéttum gámum til móttakenda sem nýta hann til uppgræðslu lands og ræktunar.“ Umhverfis- og orkustofnun telur jákvætt að endurnýta hænsnaskít frá búinu, enda er það í samræmi við BAT-niðurstöður sem gilda um starfsemina en leggur jafnframt áherslu á að mikilvægt er að skíturinn sé færður í vandaðar og þéttar hauggeymslur sem samræmast BAT-skilyrðum og uppfylla kröfur reglugerðar nr. 804/1999 jafnóðum og hann er fjarlægður úr varphúsunum til að koma í veg fyrir jarðvegs-, vatns- og lyktarmengun frá búinu. Dreifing skítsins er heimil á tímabilinu 15. mars til 1. nóvember ár hvert skv. gr. 7.1 í reglugerð nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum atvinnurekstri. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að þó þriðja aðila sé falin dreifing húsdýraáburðarins með samningum þá firrar framsal til þriðja aðila þó ekki rekstraraðila ábyrgð á meðhöndlun húsdýraáburðarins, komi í ljós að viðkomandi aðili uppfylli ekki tilskyldar kröfur eða hann meðhöndli húsdýraáburðinn ekki í samræmi við starfsreglur um góða búskaparhætti. Fram kemur í matsskyldufyrirspurninni að áburði hafi verið keyrt til bænda nær og fjær búinu og að um samtals 200 hektara landsvæði til áburðardreifingar sé að ræða. Umhverfis- og orkustofnun bendir á að með umsókn um starfsleyfissskylda búfjárframleiðslu þurfi að fylgja ítarlegar upplýsingar um dreifingu húsdýraáburðar í samræmi við 7. gr. reglugerðar nr. 804/1999. Umhverfis- og orkustofnun leggur áherslu á að það verði að liggja fyrir samningar við þá aðila sem taka við húsdýraáburði frá búinu.	Fjallað er um húsdýraáburð í kafla 6.1.3 í matsskyldufyrirspurn. Búfjáráburður er eftirsóttur til notkunar sem áburður á ræktað land og við uppgræðslu í stað tilbúins áburðar. Því er lýst í matsskyldufyrirspurn hvernig hætta á mengun vegna nítrats sé lítil ef áburðarmagn er hóflegt. Þar sem framsal til þriðja aðila firrar ekki rekstraraðila ábyrgð á meðhöndlun húsdýraáburðar, eru gerðir samningar við móttakendur. Samningar byggja á starfsreglum um góða búskaparhætti og viðtakendur gera áburðaráætlanir. Nánar verður farið yfir þessi mál með Umhverfis- og orkustofnun við undirbúning starfsleyfis.
	Áhrif á vatn Umhverfis- og orkustofnun bendir á lög um stjórn vatnamála nr. 36/2011 og að rekstraraðila beri að sjá til þess að vatnsgæðum nærliggjandi vatnshlota hraki ekki vegna starfseminnar. Meðhöndlun áburðar má ekki valda því að breyting verði á lífríki eða vistfræðilegt ástand vatnshlotanna rýrni samkvæmt reglugerð nr. 535/2011 um flokkun vatnshlota, eiginleika þeirra, álagsgreiningu og vöktun. Þegar sótt er um ný starfsleyfi sem fela í sér nýja starfsemi og/eða breytingu á starfsemi þurfa rekstraraðilar að skila inn áhrifamati á nærliggjandi vatnshlot, ef starfsemin hefur áhrif á vatnshlot.	Í kafla 6.1. í matsskyldufyrirspurn er lagt fram áhrifamat á vatnshlot. Niðurstaðan er að framkvæmdir og starfsemin er ekki líkleg til að valda því umhverfismarkmiðum vatnshlota, skv. lögum um stjórn vatnamála, verði ekki náð. Ekki er talin hætta á að mengun berist í grunnvatn né straumvatn frá starfseminni, fyrirhugaðri stækkun hennar eða dreifingu húsdýraáburðar. Ströng skilyrði eru um meðferð og geymslu úrgangs, húsdýraáburðar og olíu, sem og um fráveitu.
	Lyktarmengun	Í kafla 6.2 í matsskyldufyrirspurn er fjallað um áhrif á loftgæði. Helstu áhrifapættir starfseminnar á loftgæði er losun metans, ammoníaks og

	Fram kemur að til þess að draga úr mögulegri lyktarmengun verði allur búnaður í takt við bestu fáanlegu tækni (BAT). Einnig að upphitun húsa geri það að verkum að skiturinn er þurrari sem dragi einnig töluvert úr lykt og að ríkjandi vindáttir á svæðinu séu austanátt og norðaustanátt. Skv. Vindatlas Veðurstofu Ísland má einnig ætla að suðaustanátt sé ríkjandi vindátt á svæðinu sem gæti valdið því að lykt frá búinu berist í átt að Grundarhverfi á Kjalarnesi. Umhverfis- og orkustofnun leggur því áherslu á mikilvægi þess að gerðar séu ráðstafanir til lágmörkunar lyktar frá búinu. Gerð verður krafa í starfsleyfi um hámarkslosun ammoníaks frá varphúsum, byggt á BAT-niðurstöðum.	ryks sem getur valdið mengun og lykt frá húsum. Lykt myndast m.a. vegna uppgufunar ammoníaks frá húsdýraáburði og í undirburði í húsum. Lykt er erfitt að mæla en hún er háð losun þessara efna og verður fylgst með losun með útreikningum hjá sænskum sérfræðingum. Starfsemin nýtir tækni sem tilgreind er í BAT-niðurstöðum til að lágmarka lykt. Vindrósir og fjarlægðir til næstu íbúðarhúsa og þéttbýlis eru sýnd í matsskyldufyrirspurn. Ekki hafa borist kvartanir vegna lyktar.
	Skipulag Umhverfis- og orkustofnun vekur athygli á því að skv. deiliskipulagi fyrir Saltvík á Kjalarnesi sem tók gildi þann 21. desember 2023 er á reit C talað um fyrirhugað varphús með rými fyrir allt að 23.500 verpandi fuglum. Með deiliskipulagsbreytingu sem tók gildi þann 17. júlí 2024 var nýtingarhlutfall á reit C hækkað úr 2550 m² yfir í 3825 m². Þar kemur einnig fram að engar aðrar breytingar eru gerðar á jörðinni. Umhverfis- og orkustofnun sér ekki að heimild sé fyrir fleiri varphænum heldur en 23.500 eins og kemur fram í deiliskipulaginu frá árinu 2023.	Breytingar á deiliskipulagi eru í vinnslu. Í aðalskipulagi Reykjavíkur er gert ráð fyrir sláturhúsi og starfsemi sem tengist þaueldi í landbúnaði á reit I3-Saltvík. Í aðalskipulagi Reykjavíkur segir um landbúnaðarsvæði á Kjalarnesi: „Ræktað og framræst land innan lögbýla er almennt skilgreint sem landbúnaðarsvæði, þótt landinu hafi verið skipt upp og ekki sé lengur stundaður þar hefðbundinn landbúnaður. Markmið aðalskipulagsins er að efla fjölbreytta ræktun og matvælaframleiðslu á landbúnaðarsvæðum, sbr. markmið jarðalaga og að landnýting verði í samræmi við markmið um sjálfbæra þróun í skipulagslögum.“
	Regluverk og starfsleyfi Umhverfis- og orkustofnun bendir á að starfsemi eggjabúsins eins og henni er lýst í matsskyldufyrirspurninni fellur undir eldi alifugla eða svína með fleiri en 40.000 stæði fyrir alifugla, skv. a-lið 6.6 í viðauka I laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir og a-lið 6.6 í viðauka I reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit og er því starfsleyfis skyld hjá stofnuninni. Rekstraraðili þarf að sækja um starfsleyfi þegar álit Skipulagsstofnunar um matsskyldu liggur fyrir. Umhverfis- og orkustofnun tekur fram að málshraði fyrir starfsleyfisveitingu eru 240 dagar frá því fullnægjandi umsókn hefur verið samþykkt, óheimilt er að hefja starfsemi án starfsleyfis	Í kafla 7 í matsskyldufyrirspurn kemur fram að starfsleyfi er í gildi frá Heilbrigðiseftirliti Reykjavíkur, gildistími 2023-2035, fyrir eldi varpfugla fyrir eggjaframleiðslu og að fyrirhuguð stækkun fer yfir heildarjölda stæða 40.000, svo sótt verður um starfsleyfi til Umhverfis- og orkustofnunar, skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.
	Niðurstaða Í starfsleyfi fyrir þéttbært eldi varphænsna eru settar kröfur á rekstraraðila varðandi mengunarvarnir í samræmi við BAT-niðurstöður og gildandi lög og reglugerðir. Að því gefnu að kröfur um mengunarvarnir séu uppfylltar er það mat stofnunarinnar að þessi einstaka framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif. Í ljósi þess hve mikið þaueldi er á Kjalarnesi telur Umhverfis- og orkustofnun þó að meta ætti samlegðaráhrif af mengandi	Framkvæmdaaðili hefur skoðað samlegðaráhrif með annarri starfsemi, sbr. kafla 6.5 í matsskyldufyrirspurn og niðurstaðan er að þau séu ekki líkleg til að vera umtalsverð í skilningi laga um umhverfismat framkvæmda. Framkvæmdaaðili telur því ekki þörf á að starfsemin fari í gegnum fullt mat á umhverfisáhrifum til að fara nánar yfir það. Framkvæmdaaðili tekur undir að þessi einstaka framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa umtalsverð umhverfisáhrif þar sem losun í vatnshlot á svæðinu er lítil og loftgæðum verður stýrt með aðferðum sem

	starfsemi á svæðinu og þar af leiðandi eigi framkvæmdin að fara í mat á umhverfisáhrifum.	skilgreindar eru í BAT og gerðar verða kröfur um í starfsleyfi. Aðrir rekstraraðilar á svæðinu fylgja einnig ströngum kröfum um mengunarvarnir. Dreifing áburðar er ekki á staðnum og því eru ekki samlegðaráhrif við nálæga starfsemi hvað það varðar. Þaulendi á öðrum búum á svæðinu er innan fjarlægðarmarka sem gefin eru í reglugerðum og Saltvík, reitur C, er í um 3 km fjarlægð frá næsta þéttbýli. Ekki hafa borist kvartanir vegna starfseminnar í Saltvík. Samlegðaráhrif eru því einnig metin óveruleg. Starfsemi Stjörnueggja í Saltvík er í samræmi við gildandi aðalskipulagi Reykjavíkur þar sem svæðið er skilgreint sem landbúnaðarsvæði. Á reit I3-Saltvík er sérstaklega gert ráð fyrir sláturhúsi og starfsemi er tengist þaueldi í landbúnaði. Í umhverfisskýrslu aðalskipulags Reykjavíkur frá 2013 kemur fram að áhersla er lögð á að virða sérstöðu Kjalarness innan Reykjavíkur sem landbúnaðar- og dreifbýlissvæði.
Heilbrigðiseftirlit Reykjavíkur		
	HER hefur farið yfir fjarlægðir eldishúsa við nærliggjandi starfsemi og íbúðarhús og eru kröfur í 6. gr. reglugerðar nr. 520/2015 um eldishús alifugla, loðdýra og svína um lágmarksfjarlægðir fyrir alifuglahús frá mannabústöðum, útivistarsvæðum og vinnustöðum uppfylltar. Fjarlægðarmörk fyrir bú með stæði fyrir 40.000-80.000 fugla eiga að lágmarki að vera 50 m frá fyrrgreindum svæðum. Í 6.gr er einnig tilgreint að fjarlægðarmörk eigi ekki við um mannabústaði og vinnustaði sem tilheyra búrekstrinum eða vinnustaði með sambærilega starfsemi. Næsti mannabústaður og vinnustaður við reit C er meðferðakjarni SÁÁ sem liggur í um 550 m fjarlægð. Íbúðarhús í Saltvík eru í um 100 m fjarlægð frá byggingarreit en þau hús eru nýtt sem starfsmannabústaðir og því ekki háð fjarlægðartakmörkunum. Engu að síður myndu kröfur reglugerðar einnig vera uppfylltar varðandi þessi íbúðarhús.	Krefst ekki viðbragða.
	Tekið er fram að allt búfjárskarn sem fellur til við starfsemina sé flutt burt og dreift annarsstaðar sem dregur verulega úr mögulegri lyktarmengun frá starfseminni. HER vill þó benda á að komi upp aðstæður þar sem ekki er hægt að flytja búfjárskarn í burtu af svæðinu getur þurft að dreifa því í nærumhverfi eða færa til förgunar. Ekki er gert ráð fyrir hauggeymslu við búið en HER telur að gera þurfi grein fyrir því hvernig búfjárskarn sé geymt sé ekki hægt að koma því í viðunandi farveg strax.	Húsdýraáburður er og verður áfram geymdur í gámum og ekið til notenda. Hingað til hefur ekki verið vandamál að koma honum í hendur þeirra sem nýta hann. Það eru nokkrir aðilar og ef sú staða hefur komið upp að ekki sé hægt að taka við tímabundið á einum stað hefur verið hægt að senda til annarra á meðan. Ef til þess kemur tímabundið að enginn geti tekið við áburðinum verður bætt við gámum þar til úr rætist.

	Að mati HER þarf að gera betur grein fyrir fráveitu frá húsunum, stærð setþróa og siturbeðs, en ekki er hægt að meta hvort núverandi fráveitubúnaður anní því álagi sem fylgir nýju húsi. Sé búnaður ekki fullnægjandi getur það haft áhrif á grunnvatnshlot.	Húsin eru enn á hönnunarstigi og verður fráveita tekin út af byggingarfulltrúa þegar teikningar eru lagðar fram til sveitarfélags. Heilbrigðiseftirlit eða Umhverfis- og orkustofnun hefur eftirlit með mengunarvarnarbúnaði í reglulegum eftirlitsheimsóknum, þ.m.t. rotþró, og er heimilt að fá upplýsingar og teikningar af rotþró og lögnum. Þetta eru upplýsingar sem algengt er að eftirlitsaðili óski eftir, sem og staðfestingar á tæmingu og viðhaldi á kerfinu. Ekki er hefð fyrir að vera með nákvæmari upplýsingar um búnað í umhverfismatsferlinu, enda er mat á umhverfisáhrifum eða matsskyldufyrirspurn oft gerð áður en hönnun er svo langt komin. Við umsókn um leyfi eru gefnar ítarlegri upplýsingar um búnað og útfærslu verklags.
	HER vekur athygli á að skv. greinargerð framkvæmdaaðila munu eldishúsin 3 sem fyrirhugað er að verði í Saltvík allt að 62.000 eldisstæði. Uppgefið er að hámarksfjöldi fugla verði ekki meiri en 59.900 sem er rétt undir mörkunum fyrir að fara sjálfkrafa í umhverfismat. Í ljósi þess að hve mikill þéttleiki er af annarri mengandi starfsemi á sama svæði telur HER að æskilegt að horfa til samlegðaráhrifa og setja fyrirhugaða framkvæmd í umhverfismat.	Framkvæmdaaðili telur að þrátt fyrir að starfsemin liggi nærri mörkunum sem gefin eru fyrir mat á umhverfisáhrifum, séu áhrifin þess eðlis og af því umfangi að þau teljist ekki umtalsverð í skilningi laga nr. 111/2021. Fjallað um samlegðaráhrif sem sérstakan umhverfisþátt í kafla 6.5 í matsskyldufyrirspurn, og geta þau helst átt við umhverfisþætti eins og vatnshlot, loftgæði og smithættu. - Fráveita frá húsum er ekki umfangsmikil og endar í rotþró, og því ekki um samlegðaráhrif á vatnshlot að ræða hennar vegna. - Húsdýraáburði er ekki dreift á svæðinu og því ekki hætta á lykt frá áburðardreifingu, ofaugun í vatn eða annarrar mengunar frá áburðardreifingu og því ekki samlegðaráhrifa að vænta á svæðinu vegna áburðardreifingar. - Lykt er lágmörkuð með aðferðum sem tilgreindar eru í BAT, m.a. með val á fóðri, lághraða loftræstikerfi og húsdýraáburður er geymdur í lokuðum gámum. Val á tækjum og búnaði lágmarkar myndun mengandi efna og ryks, vöktun verður á losun í andrúmsloft og staðsetning búnsins er þannig að metið er að áhrif af starfseminni á loftgæði verði óveruleg sem og samlegðaráhrif með annarri starfsemi. - Uppfyllt eru lágmarksskilyrði um fjarlægðir til annarra búa og mannbústaða. - Starfsemin samræmist skipulagi á svæðinu. Í umfjöllun um Kjalarnes í aðalskipulagi Reykjavíkur kemur fram að „Virða skal sérstöðu Kjalarness innan Reykjavíkur sem landbúnaðar- og dreifbýlissvæði.“ Um reit I3-Saltvík segir í aðalskipulagi „Á svæðinu er gert ráð fyrir sláturhúsi og starfsemi er tengist þaueldi í landbúnaði.“

		Í kafla um samlegðaráhrif er auk þess fjallað um smithættu, en þau áhrif koma einum fram þegar fleiri bú eru skoðuð, og verður unnið eftir reglugerð um velferð alifugla. Niðurstaða matsskyldufyrirspurnar er sú að starfsemin er ekki líkleg til að hafa umtalsverð áhrif á umhverfið og það er því mat rekstraraðila að ekki sé um matskylda framkvæmd að ræða. Framkvæmdaaðili hefur skoðað samlegðaráhrif með annarri starfsemi, sbr. kafla 6.5 í matsskyldufyrirspurn og niðurstaðan er að þau séu ekki líkleg til að vera umtalsverð í skilningi laga um umhverfismat framkvæmda. Framkvæmdaaðili telur því ekki þörf á að starfsemin fari í gegnum fullt mat á umhverfisáhrifum til að fara nánar yfir það.
Matvælastofnun		
	Í kafla Smithætta eru lýst viðbrögðum ef upp kæmi alvarlegur dýrasjúkdómur, með vísan í verkferla Matvælastofnunar. Fyrir liggur að ef upp kemur alvarlegur smitsjúkdómur í fyrirhuguðu varphúsi getur það haft viðtæk áhrif á annað dýrahald á svæðinu, eftir því um hvaða sjúkdóm er að ræða. Telur stofnunin að það þurfi að útlista betur viðbrögð vegna smitsjúkdóms. Til að koma í veg fyrir frekari útbreiðslu smitefnis.	Í matsskyldufyrirspurn kemur fram að að uppfyllt eru lágmarksskilyrði um fjarlægðir til annarra búa og mannbústaða. Hópar í varphúsum eru skilgreindir sem sérstakar smiteiningar og umgengnisreglur eru skýrar hvað varðar smitvarnir, þannig að ekki séu borin óhreinindi milli húsa eða annarra búa. Útbúin verður viðbragðsáætlun sem lögð verður fyrir Matvælastofnun í tengslum við leyfisveitingu og eftirlit stofnunarinnar. Ekki er hefð fyrir að vera með nákvæmari upplýsingar um verklagsreglur og viðbragðsáætlanir í umhverfismatsferlinu, enda er mat á umhverfisáhrifum eða matsskyldufyrirspurn oft gerð áður en hönnun er svo langt komin. Við umsókn um leyfi eru gefnar ítarlegri upplýsingar um búnað og útfærslu verklags.
	Þá vill stofnunin benda á að við fyrirhugaða starfsemi fellur til mikið magn af aukaafurðum dýra, en með slíkum afurðum er átt við heil hræ, skrokkar, skrokkhlutar, líffæri eða aðrar afurðir af dýrum sem ekki eru hæfar eða ætlaðar til manneldis, sbr. lög nr. 25/1993. Undir aukaafurðir dýra fellur einnig skítur frá starfseminni. Að mati stofnunarinnar er nægjanlega gerð grein fyrir hvernig aukaafurða sem falla til undir venjulegum kringumstæðum skuli afsettar. Hins vegar kunna að koma upp aðstæður þar sem vegna smitsjúkdóms þarf að aflífa alla fugla á starfsstöðinni, sem og að farga hræjum, aðföngum og undirburði. Á starfsstöð líkt og þeirri sem fyrirhugað er að reisa getur þannig þurft að farga gróflega áætlað um 90-100 tonnum af hræjum og 40 tonnum af aðföngum og undirburði – í tilkynningunni er ekki að finna umfjöllun um hvernig slíkt yrði gert. Um förgun á slíkum aukaafurðum sem falla til vegna aflifunar vegna sjúkdómavarna fer skv. lögum nr. 25/1993 og reglugerðar nr. 674/2017 um heilbrigðisreglur um aukaafurðir úr dýrum sem ekki eru ætlaðar til manneldis.	Í matsskyldufyrirspurn kemur fram að dýrahæ og aðrar aukaafurðir dýra verða meðhöndluð á búinu í samræmi við reglugerðir. Úrgangi verður ráðstafað til aðila sem hafa heimild til meðhöndlunar og móttöku á slíkum úrgangi. Gerð verður áætlun vegna tímabundinnar eða varanlegrar rekstrarstöðvunar, þegar sótt er um starfsleyfi til Umhverfis- og orkustofnunar og leyfi Matvælastofnunar. Þar verður sett fram áætlun um hvernig brugðist verður við ef stöðva þarf starfsemina, m.a. hreinsa og loka húsum og hvernig skuli farga hræjum, aðföngum og undirburði. Ekki er hefð fyrir að vera með nákvæmari upplýsingar um verklagsreglur og viðbragðsáætlanir í umhverfismatsferlinu, enda er mat á umhverfisáhrifum eða matsskyldufyrirspurn oft gerð áður en hönnun og rekstrarferlar er fullgerðir. Við umsókn um leyfi eru gefnar ítarlegri upplýsingar um búnað og útfærslu verklags.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur		
	Samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2040 er jörðin Saltvík að mestu flokkuð sem landbúnaðarsvæði. Samkvæmt skipulagsákvæði er um að ræða ræktað og framræst land innan lögbýla, þótt landið sé uppskipt og ekki lengur stundaður þar hefðbundinn landbúnaður. Samkvæmt kafla 8.3 í aðalskipulagi er gert ráð fyrir sláturhúsi og starfsemi sem tengist þaueldi í landbúnaði.	Skipulagsfulltrúi staðfestir hér að starfsemin samræmist aðalskipulagi Reykjavíkur.
	Rönd meðfram sjónum og út á Brimnes er flokkað sem opið svæði. Slík flokkun á við um minni opin svæði innan byggðar: Leikvellir, gróðurreitir, minni útivistarsvæði og almenningsrými og græn belti innan þéttbýlis.	Þarfnast ekki viðbragða.
	Eitt af markmiðum aðalskipulagsins er að efla fjölbreytta ræktun og matvælaframleiðslu á landbúnaðarsvæðum. Jörðin er láglend og mýrar hafa verið ræstar fram fyrir löngu þannig að hluti jarðarinnar er orðinn að grösugum túnum. Að öðru leyti er jörðin smáþýfð órækt og nokkuð um sinuvaxin svæði. Vestur af Saltvíkinni gengur fram nesið Brimnes. Engin vatnsverndarsvæði eru á jörðinni.	Tekið er undir að starfsemin er í samræmi við markmið aðalskipulags og skerðir ekki landgæði á jörðinni að neinu marki. Engin áhrif verða á vatnsverndarsvæði.
	Gildandi deiliskipulag fyrir Saltvík var samþykkt á 14. ágúst 2025. Deiliskipulagið nær yfir alla landareign Saltvíkur á Kjalarnesi. Í skipulaginu er gert ráð fyrir rými fyrir allt að 49.500 verpandi fugla í reit C og hámarksheimild byggingarmagns er 3.825 m ² . Breyta þarf deiliskipulagi vegna fyrirhugaðra framkvæmda og uppbyggingar nýs húsakosts. Hækka þarf hámarksheimild byggingarmagns og fjölga rýmum fyrir verpandi fugla.	Breyting á deiliskipulagi er í vinnslu.
	Í greinargerð kemur fram að varphúsin standa í hæfilegri fjarlægð frá viðkvæmum viðtökum. Jafnframt er tekið mið af góðum búskaparháttum við dagleg störf og allt verklag. Þá er daglegt innra eftirlit skráð og ytra umhverfi er haldið snyrtilegu. Loftflæði og loftskipti í húsunum eru tölvustýrð svo hiti og raki haldist í viðeigandi gildum. Óhjákvæmilegt er að einhverri lykt stafi af lifandi skepnum og lífrænum úrgangi þeirra.	Lykt og hávaði frá húsunum er lágmörkuð með aðferðum sem tilgreindar eru í BAT, m.a. með vali á fóðri, lághraða loftræstikerfi og húsdýraáburður er geymdur í lokuðum gámum. Val á tækjum og búnaði lágmarkar myndun mengandi efna og ryks, vöktun verður á losun í andrúmsloft. Húsdýraáburði er ekki dreift á svæðinu og því ekki hætta á lykt frá áburðardeifingu.
	Til að draga úr mögulegri lyktarmengun er allur búnaður í takt við bestu fáanlegu tækni (BAT). Einnig gerir upphitun húsa það að verkum að skíturinn er þurrari en það eitt dregur töluvert úr lykt ásamt þeirri staðreynd að hann er fjarlægður reglulega úr húsunum og af svæðinu. Ekki er þó gerð grein fyrir lausnum ef ekki er hægt að fjarlægja skítinn af svæðinu.	Eins og fram kemur að ofan í svari við athugasemdum Matvælastofnunnar, verður gerð áætlun vegna tímabundinnar eða varanlegrar rekstrarstöðvunar, þegar sótt er um starfsleyfi til Umhverfis- og orkustofnunar og leyfi Matvælastofnunar. Þar verður sett fram áætlun um hvernig brugðist verður við ef stöðva þarf starfsemina, m.a. hreinsa og loka húsum og hvernig skuli farga hræjum, aðföngum og undirburði.

		Ekki er hefð fyrir að vera með nákvæmari upplýsingar um verklagsreglur og viðbragðsáætlanir í umhverfismatsferlinu, enda er mat á umhverfisáhrifum eða matsskyldufyrirspurn oft gerð áður en hönnun og rekstrarferlar er fullgerðir. Við umsókn um leyfi eru gefnar ítarlegri upplýsingar um búnað og útfærslu verklags.
	Athygli er vakin á að skv. greinargerð þá munu eldishúsin þrjú rúma allt að 62.000 eldisstæði en uppgefinn hámarksfjöldi er 59.900 sem er rétt undir mörkum þess að fara sjálfkrafa í umhverfismat.	Tölur fyrir fjölda varpstæða eru ekki nákvæmar, enda segir „um“ fyrir framan þær. Fleira tilheyrir starfsemi en sjálf varpstæðin og verður ýmis stoðstarfsemi hýst í húsunum. Ekki verða fleiri stæði en 59.900 á búinu og matsskyldufyrirspurn miðar við það. Framkvæmdin fellur því undir tölulið 1.07 í 1. viðauka laga nr. 111/2021 um umhverfismat framkvæmda og áætlana og er tilkynningarskyld. Fjöldi fugla sem MAST heimilar í húsunum er: Hólf með Mast númer 17 = 11.272 fuglar Hólf með Mast númer 18 = 11.272 fuglar Hólf með Mast númer 19 = 12.259 fuglar Hólf með Mast númer 20 = 12.259 fuglar Samtals = 47.062 fuglar Verði einu hólfi bætt við þá er líklegt að Mast heimili 12.259 fugla í því þar sem það verður eins og hólf nr. 20. Samtals verður því heimilaður fjöldi fugla líklega 59.321 fugl samkvæmt MAST.
	Út frá ofangreindum atriðum er ekki gert ráð fyrir að þessi einstaka framkvæmd hafi í för með sér umtalsverð neikvæð umhverfisáhrif. Hinsvegar í ljósi þess hve mikið þauleldi er á Kjalarnesi telur skipulagsfulltrúi að meta ætti samlegðaráhrif af mengandi starfsemi á svæðinu og ætti því framkvæmdin að fara í mat á umhverfisáhrifum.	Samlegðaráhrif eru metin sem sérstakur umhverfispáttur í kafla 6.5 í matsskyldufyrirspurn. Þar kemur m.a. fram: - Fráveita frá húsum er ekki umfangsmikil og endar í rotþróum, og því ekki um samlegðaráhrif á vatnshlot að ræða hennar vegna. - Húsdýraáburði er ekki dreift á svæðinu og því ekki hætta á lykt frá áburðardreifingu, ofaugun í vatn eða annarrar mengunar frá áburðardreifingu og því ekki samlegðaráhrifa að vænta á svæðinu vegna áburðardreifingar. - Lykt er lágmörkuð með aðferðum sem tilgreindar eru í BAT, m.a. með vali á fóðri, lághraða loftræstikerfi og húsdýraáburður er geymdur í lokuðum gámum. Val á tækjum og búnaði lágmarkar myndun mengandi efna og ryks, vöktun verður á losun í andrúmsloft og staðsetning búsins er þannig að metið er að áhrif af starfsemi lykt og loftgæði verði óveruleg sem og samlegðaráhrif með annarri starfsemi. - Uppfyllt eru lágmarksskilyrði í reglugerð um fjarlægðir til annarra búa og mannbústaða.

		- Starfsemin samræmist skipulagi á svæðinu. Í umfjöllun um Kjalarnes í aðalskipulagi Reykjavíkur kemur fram að „Virða skal sérstöðu Kjalarness innan Reykjavíkur sem landbúnaðar- og dreifbýlissvæði.“ Um reit I3-Saltvík segir í aðalskipulagi „Á svæðinu er gert ráð fyrir slátrhúsi og starfsemi er tengist þaueldi í landbúnaði.“ Niðurstaða matsskyldufyrirspurnar er sú að starfsemin er ekki líkleg til að hafa umtalsverð áhrif á umhverfið og það er því mat rekstraraðila að ekki sé um matskylda framkvæmd að ræða.
	Tilvonandi uppbygging er ekki í samræmi við gildandi deiliskipulag og krefst því deiliskipulagsbreytingar sem er þegar hafin. Hækka þarf hámarksheimild byggingarmagns og fjölga rýmum fyrir verpandi fugla.	Breyting á deiliskipulagi er í vinnslu.
Minjastofnun		
	Um er að ræða áframhaldandi uppbyggingu á reit C á jörðinni, en þar hafa nú þegar verið reist tvö af þremur húsum sem munu hýsa starfseminu (sbr. mynd 4.2 í greinargerð). Hið nýja hús verður um 1700 m². Fjallað er um fornleifar í kafla 6.3 í greinargerðinni. Fornleifastofnun Íslands skráði fornleifar innan fjögurra byggingarreita í landi Saltvíkur og er reitur C einn þeirra; <i>Deiliskráning í Saltvík II – skráning á fjórum byggingarreitum</i> (FSÍ, Rv. 2023, nr. FS954-23401). Skrá þessi er fullnægjandi fyrir vinnslu umhverfismats og hefur fengið staðfestingu Minjastofnunar Íslands, sbr. 15. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012. Suð-austur horn C reitsins nær að nokkru inn á hin gömlu heimatún í Saltvík og þar eru skráðar tvennar minjar. Hins vegar er fyrirhugaður byggingarreitur nú suð-vestan við þær byggingar sem þegar eru reistar og eru engar þekktar minjar á því svæði. Auk þess er sá reitur kominn vel út fyrir gamla heimatúnið. Frá sjónarhóli fornminjavörslu telur Minjastofnun ekki þörf á að framkvæmd þessi fari í umhverfismat og hefur stofnunin ekki athugasemdir við umfjöllun um fornleifar í greinargerð, kafla 6.3.	Minjastofnun staðfestir að skráning fornleifa sem fram fór 2023 sé fullnægjandi fyrir vinnslu umhverfismats. Stofnunin hefur ekki athugasemdir við framkvæmdirnar og telur ekki þörf á umhverfismati.